

Bryndís Zoëga  
Guðmundur St. Sigurðarson  
Guðný Zoëga

# Fornleifaskráning Húnavatnshrepps Sveinsstaðir



Bygðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2010/102

Forsíðumynd: Aftökupallur á Þrístöpum.



## **EFNISYFIRLIT**

|                                       |           |
|---------------------------------------|-----------|
| TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA.....     | 3         |
| AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU .....            | 4         |
| HELSTU MINJAFLOKKAR .....             | 4         |
| <b>SVEINSSTAÐIR – SÖGUÁGRIP .....</b> | <b>9</b>  |
| <b>FORNLEIFASKRÁNING.....</b>         | <b>13</b> |
| <b>SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR .....</b> | <b>52</b> |
| MINJAR Í LANDI SVEINSSTAÐA.....       | 52        |
| NIÐURLAG .....                        | 53        |
| <b>HEIMILDASKRÁ.....</b>              | <b>55</b> |

## **Inngangur**

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa á 11 jörðum í Húnavatnshreppi vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru í sumar auk Sveinsstaða voru Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóridalur, Reykir, Auðkúla, Stóra-Giljá, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Um var að ræða heildarskráningu þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; bæjarstæði og aðrar minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum.

Vettvangsvinna fór fram á sumarmánuðum 2009 og var hún unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi. Heimildavinna var unnin af Berglinni Þorsteinsdóttur fornleifafræðingi.

Sérstakar þakkir fá ábúendur á Sveinsstöðum og heimildamaður okkar Magnús Ólafsson á Blönduósi sem er fyrrum bóndi á Sveinsstöðum.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

### **Aðferð við skráningu**

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Sveinsstöðum númerið 1 (auðkennt Sveinsstaðir – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir bæjarstæði Sveinsstaða (Sveinsstaðir – 1) 11209.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða er til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Lega minja er sýnd á svarthvítum loftmyndum frá Landmælingum Íslands sem hnitaðar voru af starfsmönnum fornleifadeildarinnar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir vara á slíku aldursmati nema þar sem áreiðanlegar heimildir fyrirfinnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitaðöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

### **Helstu minjaflokkar**

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

#### **Minjar í túni**

## **Bæjarstæði**

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

**Kirkjur** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

**Bænhús** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

**Grafreitir** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

## **Aðrar minjar**

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

## **Minjar í eða við tún**

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

**Fjós:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

**Fjárhús:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

**Hrútakofar:** Smærri kofar oft yst í túni.

**Lambhús:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

**Hesthús:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

**Smiðjur:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

**Kofar:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

**Brunnar:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

**Myllur:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

**Kvíar:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

### **Minjar utan túns**

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

**Kuml/haugur/dys/kumlateigar:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

**Stekkir,** sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í

notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem viðsýnt var.

**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærri en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

## Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr

timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru líka til en eru sjaldgæfari.

**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Sveinsstaðir – söguágrip



Mynd 1. Sveinsstaðir. Íbúðarhúsið lengst til vinstri en hesthús til hægri.

Í Húnaþingi II segir um Sveinsstaði „Fornt býli, þingstaður sveitarinnar öldum saman. Bærinn stendur norðan þjóðvegjar við norðurjaðar Vatnsdalshóla spölkorn vestur frá Vatnsdalsá. Tún aðallega norður frá bænum, en engi austur við ána, nú að nokkru ræktað. Beitiland allstórt til vesturs. Mýrlendi og ásar svo og norðurhluti Hólanna allt til Skriðuvaðs. Landið er fjölgrösugt, ræktunarskilyrði góð.“<sup>1</sup>

Sveinsstaða er fyrst getið í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups um Hólabiskupsdæmi frá 1461, þar sem segir að uppistandandi bænhús sé á Sveinsstöðum.<sup>2</sup> Ekki eru aðrar heimildir til um bænhús þetta.

Þingstaður var á Sveinsstöðum frá fornu. Má meðal annars nefna að þann 10. maí 1446 dæmdi Einar Þorleifsson hirðstjóri Guðmund Arason útlægan og óheilagan „hvar hann kann takazt utan gridastada. og því fyrerbýd eg hvorium manne hédan í frá hann at hýsa edr heima. halda edr haf a stydia edr stirki edr nockra biorg veita í móte kongsins rétti og landsins laugum under slíka sekt sem laugbok vottar ef þat dirfezt nockur giora.“<sup>3</sup> Árið 1522 átti að þinga á Sveinsstöðum um mál þeirra Teits Þorleifssonar ríka frá Glaumbæ í Skagafirði og séra Jóns Arasonar. Kom þar til átaka milli biskupsmanna og Teits og lést einn maður, Árni

<sup>1</sup> Húnaþing II, 312.

<sup>2</sup> DI V, 354.

<sup>3</sup> DI VII, 6-7.

Bessason að nafni, fleiri særðust og skaut Grímur Jónsson lögmaður frá Stóru-Ökrum ör í handlegg Teits. Urðu af þessu miklir eftirmálar.<sup>4</sup> Annar sögufrægur atburður gerðist 12. janúar árið 1830 en þá fór fram síðasta aftakan á Íslandi. Þá voru þau tekin af lífi Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson fyrir morðin á Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni frá Geitaskarði.<sup>5</sup> Eftir aftökuna voru líkin grafin á staðnum, í kistum, og voru þær lagðar norður/suður að heiðnum sið. Rúmum 100 árum síðar voru þær grafnar upp og líkin flutt í kirkjugarðinn á Tjörn á Vatnsnesi.<sup>6</sup>

## Ábúð

Tvíbýli var á Sveinsstöðum þegar manntal var tekið 1703 en einbýli þar til um 1870. Þegar mest var í heimili bjuggu þar 19 manns. Engir ábúendur eru skráðir í manntali 1835 og vera má að jörðin hafi þá verið í eyði.<sup>7</sup>

## Jarðamat

Í jarðabók frá 1705 er dýrleiki metinn 40 hundruð og er jörðin Þingeyrarklausturseign. Landskuld var eitt hundrað elleftutíu álnir síðastliðin fjögur ár, þar áður 2 hundruð. Kúgildi á allri jörðinni eru 6 og þar sem jörðin var tvíbýl voru 3 kúgildi á hvorn ábúanda. Kvikfé Jóns Jónssonar var 3 kýr, 38 ær, 6 sauðir tveggja vetra og eldri, 10 sauðir veturgamlir, 3 hestar, 2 hross og 1 foli veturgamall. Helgi Eiríksson var með 3 kýr, 40 ær, 1 tveggja vetra sauð, 2 hestar, 1 hross, 1 foli veturgamall og 1 unghryssa. Mánaðarþétt var í Hólabakslandi fyrir engjatak í Sveinsstaðalandi.<sup>8</sup> Í sóknarlýsingu 1840 er jörðin metin á 40 hundruð og er lýst svo af presti: „Landlítill og mögur, lítill heyskapur. Ekki meðaljörð eftir dýrleika.“<sup>9</sup> Í jarðatali 1847 er jörðin enn sögð 40 hundruð, landskuld 1,6 hundrað og kúgildi 6, jörðin er þá í eigu Þingeyrarklausturs.<sup>10</sup> Samkvæmt nýju jarðamati 1861 var jörðin metin á 26,5 hundruð.<sup>11</sup>

Sveinsstöðum er svo lýst í jarðamati frá 1865:

„Ábúandi dannibrogsmáður hreppstjóri Ólafur Jónsson

Jarðarhús eru hér í góðu standi og umgengni hin snotrasta. Túnið er vel umhirt og fást af því í meðalári hér um bil 180 hestar. Það er sumpart þýft en að nokkru leyti slétt og hefir ábúandinn sléttað í því nálægt þrjár dagsláttur. Túnið er á sumum stöðum mjög raklent og skemmist fljótt slétta sú, sem þar er, nema skurðir séu grafnir hér og hvar í gegnum hana og í kring. Ábúandinn hefur byggt mikið af túngarði en lágur er hann víðast og nokkuð gallaður. Hann hefir hlaðið 60 faðma langan upphleyptan stíg<sup>12</sup> frá bænum og út úr túninu, grafið 2 brunna, annan til heimilisþarfa en hinn við fjósið og eru frá honum rennustokkar inn í það. Hann hefir byggt hlandfor og kamar og aukið stórum út túnið. Eftir talsverðum hluta af endilöngum flóa, þeim er hér liggur fyrir neðan, hefir hann grafið skurð víst á fimmta hundrað faðma á lengd, bæði djúpan og breiðan, þó nú sé hann farinn að síga saman og þurfi

<sup>4</sup> DI IX, 68-69. [http://is.wikipedia.org/wiki/Teitur\\_%C3%9Eorleifsson](http://is.wikipedia.org/wiki/Teitur_%C3%9Eorleifsson)

<sup>5</sup> <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=4649>

<sup>6</sup> Úr Sveinsstaðaætt (1994), 26.

<sup>7</sup> <http://manntal.is/#> Þau manntöl sem skoðuð voru eru frá árunum 1703, 1840, 1845, 1850, 1860, 1870 og 1890.

<sup>8</sup> Jarðabók 8. bindi, 254.

<sup>9</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar I, 66.

<sup>10</sup> Jarðatal Johnsen, 232.

<sup>11</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland 1861, 93.

<sup>12</sup> [Athugasemd Jóns Torfasonar] Eða „stíg“, óljóst í handriti.

endurbótar við. Með skurði þessum hefir verið þurrkaður allur sá hluti flóans sem hann er kominn fyrir ofan, svo þar má nú þurrka hey sem áður var ekki fært að fara með hesta fyrir for og bleytu. Hér út á engjunum hefir hann líka hlaðið 120 faðma langan fyrirstöðugarð, á skakk yfir flóann og fram á kvíslabakka, og heldur hann með því vatni á engjunum fram fyrir neðan bæ. Brú hefir hann líka gjört yfir þveran flóann ofan á kvíslabakka, ofan undan bænum. Hér að auki er það mikla þrekvirki, sem mörgum er kunnugt orðið, að hann hefir grafið 120 faðma langan skurð úr flóðinu, sem kallað er, gegnum Vatnsdalshóla í Tíðaskarði, og sem er á sumum stöðum 6 álnir á dýpt og breidd, og mun þetta vera eitt hið mesta mannvirki sem leiguliði hefir gjört á ábúðarjörð sinni, en eigi þetta verk að geta komist í gott lag og haldast vel við mun varla að ætlast til að ábúandi geti meira gert að jarðabótum.

Mjög er hér haglétt á sumrum en snapasamt á vetrum og hefir ábúandinn byggt hagahús á eyðijörðunni Ranhólum til að geta notað því betur útbeitina og er þar nú farið að ræktast tún. Eyðikot þetta er í landi jarðarinnar. Mótak er hér lítið og varla brúkandi.<sup>13</sup>

Og frá 1881:

„Ábúandi Jón Ólafsson

Byggingarbréf hans frá 1870 áskilur árlega sléttu í túni 64 ferfaðma og hefir hann nú unnið að henni svo nemur fullum 60 föðmum fram yfir hið ákveðna, og þar fyrir utan gjört á engi hinar stórkostlegustu og mestu bætur með framskurðum, fyrirstöðugörðum og vatns áveislu. Áveisluskurðurinn úr Vatnsdalsárflóðinu gegnum hið svo nefnda Tíðaskarð er að lengd 104 faðmar, þar af eru 40 faðmar grafnir í gegnum melkamb og er þar skurðurinn 7 álna djúpur, 13 álna breiður að ofan og þriggja álna breiður í botninn. Afveitsluskurðir í flóaengi<sup>14</sup> eru 3, hver 160 faðma langur, til samans 480 faðmar og meðfram þeim hlaðnir jafnlangir öflugir fyrirstöðugarðar. Svo eru ennþá 2 fyrirstöðugarðar norðar á enginu, annar á líkri lengd og hinir fyrirtöldu en hinn nokkuð styttri. Verk þetta hefur kostað ábúandann um 700 krónur. Hús jarðarinnar eru í góðu standi og sum þeirra ný og vandlega byggð.<sup>15</sup>

## Hjáleigur og sel

Í jarðabókinni 1705 er getið um býlið **Litlu-Sveinsstaði**: „[...] sjást þar litlar girðingar. Enginn minnst hjer hafi bygð verið, en fyrir fáum árum hafi hjer verið stekkur gjör og síðan aflagður.“<sup>16</sup> **Ranhólar** var annað kot í Sveinsstaðalandi. Ranhólar voru í ábúð 1703 og var ábúandinn Einar Helgason ásamt konu sinni Guðrínu Ívarsdóttur og þremur börnum.<sup>17</sup> Býlið var komið í eyði þegar jarðabókahöfundar voru þar á ferð 1706.<sup>18</sup> Landskuld var 12 aurar og leigukúgildi 3 sem borguð voru í smjöri til klaustursins. „Tún er mestan part í hrjóstur komið. Engjatak á Vatnsdalsárbökkum það sem kallast Ranhólateigur; liggur nú, ásamt túni og úthöfum, endir peníngabeit nábuá, og gelst ekkert fyrir.“<sup>19</sup> Árið 1840 getur prestur þess í sóknarlýsingu að Ranhólar séu eyðijörð fyrir vestan Sveinsstaði en ekki viti hann hvenær hún

<sup>13</sup> ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

<sup>14</sup> [Athugasemd Jóns Torfasonar] Orðin „og meðfram þeim hlaðnir jafnlangir öflugir fyrirstöðugarðar“ standa innan sviga og eru yfirstrikuð.

<sup>15</sup> ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

<sup>16</sup> Jarðabók 8. bindi, 254

<sup>17</sup> <http://manntal.is/#>

<sup>18</sup> Jarðabók 8. bindi, 254.

<sup>19</sup> Jarðabók 8. bindi, 254.

lagðist í eyði.<sup>20</sup> Af minjum á Ranhólum að dæma virðist greinilegt að jörðin hefur verið nýtt sem fjárhússtæði eftir að ábúð lagðist þar af. Sveinsstaðir áttu ***selstöðu*** austanundir Víðidalsfjalli.<sup>21</sup>

---

<sup>20</sup> Sýslu og sóknarlýsingar I, 68.

<sup>21</sup> Sama heimild.

## Fornleifaskráning



Mynd 2. Sveinsstaðir. Ljósmyndari Páll Jónsson. Myndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og hér birt með þeirra leyfi.

nokkur skekkja á hnitum.

### Aðrar upplýsingar

Þegar úttekt var gerð 1777 voru eftirfarandi hús: Baðstofa, búrhús, eldhús, skáli, stofa, göng frá baðstofu til anddyris. Síðan eru talin skemma, smiðja, fjós og hesthús. Óvíst er hvort þessi hús hafa öll verið í bæjarhúsasamstæðunni. Í yngri úttekt, frá árinu 1837 voru eftirfarandi hús: baðstofa, búr, eldhús, skáli, stofa, göng frá baðstofu fram að stofu og skálardyrum. einnig er getið um fjós, skemmu og smiðju en ekki er vitað hvort það var áfast bænum (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1777, nr. 44 og 1837, nr. 131). Greinagóða lýsingu á bænum er að finna í grein Ásgeirs L. Jónssonar í Heima er bezt (bls. 291, 328-9) um Sveinsstaði. Þar nefnir hann eftirfarandi hús: Baðstofu, fjórskipta í Suðurhús, Miðbaðstofu, Norðurenda og Litlahús, tveir ofnar voru í baðstofunni. Gangur lá í gegnum bæinn til útityra og úr honum næst baðstofunni var gengið inn í svonefnt Kokkhús. Úr því til suðurs var gengið í búr. Kjallari var á bænum og lá stigi niður í hann úr kokkhúsinu, hann náði undir hluta baðstofunnar. Smíðahús var fremst í húsaröðinni, sunnan ganganna og yfir því geymsluloft. Gestastofan var norðan við göngin. Dyrarloft var yfir göngunum og lá stigin þar upp framan við stofudyrnar. Innangengt var úr því yfir í geymsluloft sem var yfir stofunni. Gamla eldhúsið var á milli stofu og baðstofu, norðan við göngin. Skemma var norðan við þessi hús og var innangengt í hana úr eldhúsinu en auk þess voru á henni dyr fram á hlaðið til austurs. Skiptist skemman í innri og fremri skemmu. Í innri skemmunni sem kölluð var Kvarnarhús var kornið malað. Telur höfundur að bæjarhús þessi hafi að líkindum að mestu verið byggð í tíma Ólafs Jónssonar og Jóns Ólafssonar.

### Sveinsstaðir-2

#### Sveinsstaðir-1

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Bærinn hefur líklega alltaf staðið á sama stað, en íbúðarhúsið sem reist var 1929 var byggt á gamla bæjarstaðinu (ÖS2:1,3).

#### Lýsing

Á hnitsettu túnakorti má sjá að bærinn var á nálega sama stað og bærinn er núna en hann hefur náð eilítið vestar. Grjóthleðsla úr gamla bænum er í garðinum vestan við húsið en annars eru engin ummerki lengur um bæinn. Bærinn er hnitsettur eftir túnakorti sem lagt er yfir loftmynd og því gæti verið

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Matjurtagarður

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er matjurtagarður sunnan við húsið. Samkvæmt heimildamanni, Magnúsi Ólafssyni fyrrum bónda á Sveinsstöðum hefur verið þar matjurtagarður frá því hann man eftir sér. Þarna er ennþá matjurtagarður.

### Sveinsstaðir-3

**Hlutverk:** Tröð

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Þegar túnakort frá 1919 er hnitsett má sjá að heimtröðin hefur legið til norðvesturs frá bænum ekki langt frá því þar sem vegur liggur nú út á túnin til norðurs frá bænum. Ekki sést heimreiðinni lengur og annaðhvort er hún komin undir tún eða að vegslóði liggur yfir hana. Heimtröðin var hnitsett eftir túnakorti og því gæti verið einhver skekkja í hnitum.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1834 segir að ábúandi hafi „hlaðið 60 faðma langan upphleyptan stíg<sup>22</sup> frá bænum og út úr túninu.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).



Mynd 3. Túngarður sunnan við túnið.

### Sveinsstaðir-4

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat**

Girðing liggur eftir túngarðinum og alltaf er hætta á raski við girðingaframkvæmdir. Auk þess er garðurinn rofinn á köflum á köntunum og hætta er á frekara rofi.

**Staðhættir**

Túngarður stendur enn sunnan við túnið og á parti að vestan.

**Lýsing**

Garðurinn er alls um 263m á lengd,

gróinn en víða rofnir á honum kantarnir. Hæð hans er um 30-100sm og meðalbreidd um 1,5m en hann er allt frá 1-3m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Getið er um í úttekt frá 1865 að ábúandi hafi hlaðið töluvert af túngarði „en lágur er hann víðast og nokkuð gallaður.“ segir í úttektinni (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1). Ásgeir L. Jónsson segir frá girðingaframkvæmdum í tíð Jóns Ólafssonar. Var þá girt með galvaníseraðri netgirðingu, girðingin var fíngerð og entist ekki

<sup>22</sup> [Athugasemd Jóns Torfasonar] Eða „stíg,“ óljóst í handriti.

lengi, einnig var girt á túngarðinn með 2-4 gaddavírsstrengjum. Síðar urðu bæði girðing og túngarður að víkja fyrir útfærslu túnsins (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 329).

#### **Sveinsstaðir-5**

**Sérheiti:** Mylluhóll

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Á túnakorti er hús norðvestan við Mylluhól, sem er stór hól suðvestur af íbúðarhúsinu og samkvæmt heimildamanni voru þar fjárhús. Húsin eru horfin en enn sést í 10sm djúpa dæld þar sem húsin stóðu. Mylluhóls er getið í örnefnaskrá en ekki er getið um hús þar (ÖS1:1; ÖS2:4).

#### **Sveinsstaðir-6**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Um 34m norðaustur af bænum (na horni hans) er hleðsla. Á túnakorti frá 1919 er hús norðaustur af bænum.

#### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin og ekkert sést eftir af þeim nema 4m löng hleðsla, 20sm há og um 80sm breið. Staðsetning hleðslunnar passar ágætlega við legu húss sem er á túnakorti frá 1919. Samkvæmt heimildamanni stóð þarna torffjós fram til 1939 en þá var byggt nýtt fjós heima við bæ, þar sem nú er hesthús. Þegar hætt var að nota húsin sem fjós voru þau notuð sem hesthús. Við húsin stóð braggi frá stríðsárunum. Hugsanlegt er að hlaða sem skráð er (**nr. 96**) hafi staðið við þetta fjós.

#### **Aðrar upplýsingar**

Þarna gætu verið leifar fjárhúsa sem nefndar eru í úttekum frá 1777 og 1837 þar sem segir að fjárhús sé niður á velli fyrir 20 rosins fjár (1777) og árið síðar að fjárhús séu yfir 24 sauðkindur rosna (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1777, nr. 44 og 1837, nr. 131).

#### **Sveinsstaðir-7**

**Sérheiti:** Lambhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Lambhúshóll er tæpa 100m sunnan við íbúðarhúsið og suðaustan hans er tóft í túni.

#### **Lýsing**

Búið er að ryðja tóftunum út og þær sjást ekki sunnan hólsins en þar er umhverfi ekki vel slétt.

#### **Aðrar upplýsingar**

Fjárhús voru við Lambhúshól, rifin um 1960, þau voru lítið notuð eftir að inn í þau flæddi og kindur drápuð (ÖS1:1).

### **Sveinsstaðir-8**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Lambhúshóll er tæpa 100m sunnan við íbúðarhúsið og suðaustan hans er tóft í túni.

#### **Lýsing**

Búið er að ryðja tóftunum út og eru þær í sléttu túni en veggjalög sjást enn og eru um 10sm há. Það sem eftir sér af húsunum eru dældir í túni, um 10x10m að stærð, og virðist sem þar hafi verið tvístæð hús.

### **Sveinsstaðir-9**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Í suðvesturhorni túnsins, tæpa 140m suðvestur af íbúðarhúsinu er dæld upp við túngarðinn að norðan.

#### **Lýsing**

Dældin er um 6-13m að stærð og um 20sm djúp. Á túnakorti frá 1919 er hús á þessum stað og sunnan þess eitthvert mannvirki, hugsanlega matjurtagarður. Þegar túnakortið er lagt yfir hnitsetta loftmynd virðist dældin vera hluti „matjurtagarðsins“ en húsin norðan (nr. 10) við þar sem núna er slétt tún.

### **Sveinsstaðir-10**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í suðvesturhorni túnsins, tæpa 140m suðvestur af íbúðarhúsinu er dæld (**nr. 9**) upp við túngarðinn að norðan. Samkvæmt túnakorti er sýnt hús rétt norðan dældarinar og taldi heimildamaður þar hafa staðið fjárhús. Þar er nú slétt tún.

#### **Aðrar upplýsingar**

Taldi heimildamaður að þarna hefðu staðið fjárhús. Húsin voru hnitsett eftir túnakorti og því gæti verið einhver skekkja í hnitum.

### **Sveinsstaðir-11**

**Sérheiti:** Mylluhóll

**Hlutverk:** Mylla

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Mylluhóll er stór holl í túninu suðvestan við bæinn. Í svörum Magnúsar Ólafssonar (1994) við spurningum Örnefnastofnunar um eldri örnefnaskrá Sveinsstaða segir hann að hann telji að mylla hafi verið á eða við hólinn. Hann getur þess að í hans ungdæmi (eftir miðja 20. öld) hafi verið ýtt út rústum norðanvert við hólinn og hafi þá fundist annar myllusteinninn (ÖS2:1).

#### **Lýsing**

Hnit voru tekin samkvæmt lýsingu heimildamanns og því ber að gæta að einhver skekkja gæti verið í hnitum.

#### **Sveinsstaðir-12**

**Hlutverk:** Brunnur?

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er hringlaga fyrirbæri austan við suðurenda bæjarins (hugsanlega matjurtagarð nr. 2). Líklegt er að þarna sé brunnur sem var við bæinn en samkvæmt heimildamanni þótti vatn úr honum ekki gott og því var lögð vatnsleiðsla í bæinn skömmu eftir að hann var byggður 1929.

Brunnurinn sést ekki lengur.

##### **Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1834 er sagt að ábúandi hafi grafið 2 brunna annan við fjósið, hinn við bæinn (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1).

#### **Sveinsstaðir-13**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er útihús 15m norðvestur af gamla bænum. Ekki mundi heimildamaður eftir húsi þarna og ekkert sér eftir af því.

##### **Aðrar upplýsingar**

Húsin eru hnitsett eftir túnakorti og því gæti verið nokkur skekkja á staðsetningu þeirra. Hugsanlegt er að þarna sé hesthús það sem skráð er (**nr. 91**).

#### **Sveinsstaðir-14**

**Hlutverk:** rétt

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er útihús (nr. 13) 15m norðvestur af gamla bænum. Suðaustan við það er eitthvert mannvirki en þar sem skýringar vantar á kortið er óvíst hvað það er en með samanburði við önnur kort höfundar er líklegt að þarna hafi verið rétt. Húsin og meint rétt eru horfin og ekki vissi heimildamaður hvað þarna hefði verið. Réttin er hnitsett eftir túnakorti og því gæti verið nokkur skekkja á staðsetningu þeirra.

#### **Sveinsstaðir-15**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1919 er mannvirki norðaustan við traðarendann, tæplega 100m norðvestan við norðurenda hesthússins. Ekki eru skýringar á kortinu en með samanburði við önnur kort höfundar er líklegt að þarna hafi verið rétt. Hún er nú horfin undir túnasléttun, þau eru hnitsett eftir túnakorti og því gæti verið skekkja í hnitum.

### Sveinsstaðir-16

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni voru beðasléttur í túninu norðaustur af bænum. Þær sjást ekki lengur í sléttu túninu.


### Sveinsstaðir-17

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Í úttekt segir að ábúandi hafi gert engjabrú yfir þveran flóann að Hnausakvísl (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1). Engjabrúin er sést enn samsíða eldri bílveginum að norðan. Hún liggur frá vestri til austurs niður að Hnausakvísl.



### Sveinsstaðir-18

**Sérheiti:** Vígmannsholt

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vígmannsholt heitir í norðausturhorni Sveinsstaðalands, sunnan við landamerki milli Sveinsstaða og Steinness, vestur af kvíslinni. Það er um 750m norður af bænum. Holtið er gróið og á því eru þrjár eða fjórar fornar tóftir.

### Lýsing

Tóftin sem liggur lengst til austurs er um 3,5x8,5m að utanmáli. Hún liggur norður/suður og veggir hennar eru um 10-20sm háir og þeir eru um 1,5-2m á breidd. Fyrir miðju tóftarinnar er 3x80sm niðurgröftur, um 40sm djúpur. Engar dyr sjást á tóftinni.

### Aðrar upplýsingar

Holtið dregur nafn sitt af því að þar var Árni Bessason, Bárðdælingur í liði Jóns Arasonar, veginn árið 1520 í Sveinsstaðareið, þegar þeir tókust á við lið Teits lögmanns í Glaumbæ (ÖS1:1,5,8).

### Sveinsstaðir-19

**Sérheiti:** Vígmannsholt

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á Vígmannsholti eru þrjár eða fjórar fornar tóftir.

#### **Lýsing**

Önnur tóft að austan (9m vestur af tóft **nr. 18**) liggur einnig norður/suður. Hún er gróin, 8x4m að stærð og eru veggir um 30-100sm á hæð. Engar dyr sjást á tóftinni sem liggur á svólítilli upphækkun, mest til norðurs. Fyrir miðju tóftar er 50sm djúp hola.

#### **Sveinsstaðir-20**

**Sérheiti:** Vígmannsholt

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á Vígmannsholti eru þrjár eða fjórar fornar tóftir.

#### **Lýsing**

Þriðja tóft að austan er nokkru minni en hinar, 4x5m að stærð, en snýr einnig norður/suður. Hún stendur á lágum hól, veggir eru jarðsokknir og hlaupnir í þúfur, þeir eru um 10-30sm á hæð. Tóftin virðist mjög gömul og útlit hennar minnir á heystæði þótt að ekkert verði fullyrt um hlutverk hennar án frekari rannsókna. Dyr eru á tóftinni og snúa mót suðri.

#### **Sveinsstaðir-21**

**Sérheiti:** Vígmannsholt

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á Vígmannsholti eru þrjár eða fjórar fornar tóftir.

#### **Lýsing**

Vestast liggur hól, aflangur og snýr norður/suður. Hann er 4x11m að utanmáli og mest um 60sm hár. Hóllinn er nokkuð rofinn til vesturs og ofan á hólnum eru tvær holur um 20sm djúpar. Hóllinn er gróinn grasi og mosa. Óvíst er hvort manngerðar minjar eru á hólnum eða hvort hann er náttúrulegur.

#### **Hættumat**

Ef um manngerðar minjar er að ræða stafar þeim hætta vegna jarðvegsrofs.

#### **Sveinsstaðir-22**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Mór var tekinn í mýrajaðrinum NV af Brúnkolluhól sem er rúma 200m vsv af bænum og beint norður af Ólafslundi. Þar voru miklar mógrafir og kom fyrir að kindur drápust í þeim og því ýtt yfir þær (fyrir 1960). Síðast var tekinn mór á jörðinni til einangrunar við bygginu íbúðarhússins 1929. Hætt var notkun hans til eldiviðar fyrr (ÖS2:3).

#### **Lýsing**

Mógrafirnar voru hnitsettar eftir loftmynd og lýsingu heimildamanns. Búið er að grafa skurð í gegnum þær en þó sjást þær enn og eru á um 40x40m svæði sem þó er ekki reglulegt að lögun.



Mynd 4. Horft er til norðausturs á grjóthlaðinn réttarvegg og hugsanlega leifar stekkjar. Stekkjarhóll er í baksýn.

### **Sveinsstaðir-23**

**Sérheiti:** Stekkjarhóll

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Um 660m norðvestur af bænum, vestur undir svonefndum Stekkjarhól eru leifar réttar.

#### **Lýsing**

Veggir eru grjóthlaðnir, að mestu grónir grasi en sér í grjóthleðslur. Ummál hennar er um 14x22m og liggur hún ana/vsv. Í norðaustur horni hennar er veggur sem afmarkar lítið hól, hugsanlega leifar stekkjarins sem nafn hólins er dregið af.

#### **Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt Magnúsi Ólafssyni (1994) í svörum til Örnefnastofnunar þekkti vissi hann ekki til að stekkur hafi verið við Stekkjarhól en getur þess að rétt hafi einu sinni verið þar (ÖS2:3).

### **Sveinsstaðir-24**

**Sérheiti:** Stekkjarhóll

**Hlutverk:** Stekkur?

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um 660m norðvestur af bænum, vestur undir svonefndum Stekkjarhól eru leifar réttar og hugsanlega einnig stekkjar.

### Lýsing

Í norðaustur horni réttarinnar (**nr. 23**) er grasi gróinn veggur sem afmarkar lítið hól, um 1x1,2m að innanmáli. Hugsanlega er þetta króin sem var á stekk þeim sem nafn hólsins er dregið af.

### Aðrar upplýsingar

Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

### Sveinsstaðir-25

**Sérheiti:** Hagatóftir

**Hlutverk:** Heytóft?

**Tegund:** Hóll

### Staðhættir

Um 2,2m norðvestur af bænum er hóll á hornmerkjum Haga, Steinness og Sveinsstaða.


### Lýsing

Í örnefnalýsingu er getið um Hagatóftir, þrennar heygarðstöftir norðanvert á Leytisás. Þar segir að miðtóftirnar séu hornmerki áður talinna jarða (ÖS1, 4).

Engin greinileg heytóft er á hólnum en fjórar girðingar liggja upp á hólnum og er það því ekkert óeðlilegt.



Mynd 5. Miðheytóftin á hornmerkjum, horft er til norðvesturs.



og snúa til suðurs.

### Aðrar upplýsingar

Smalakofans er getið í örnefnaskrá og hann sagður á há ásum (ÖS1:4).

### Sveinsstaðir-26

**Sérheiti:** Rústarás

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Á ás tæpa 2km vnv af bænum er tóft af smalakofa.

### Lýsing

Tóftin snýr, austur/vestur og er um 2,5x3m að stærð, viðbyggður lægri veggur er vestan við hana. Hæð veggja er 20-70sm og tóftin er grasi gróin. Dyr eru á tóftinni

### Sveinsstaðir-27

**Sérheiti:** Neðri-Einbúi

**Hlutverk:** Rétt/Nátthagi?



**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Rúmlega 170m norðvestur af Þrístöpum, norðan undir hól sem nefndur er Neðri-Einbúi er garðlag, hugsanlega rétt eða nátthagi.

#### Lýsing

Garðlagið afmarkar ferhyrnt svæði sem er um 18m að þvermáli, grasi gróið og um 20-100sm hátt. Veggurinn er líkastur bökkum á köflum að vestan, norðan og austan. Hann er hæstur í sv horni þar sem hann liggur upp á hólinn, um 150sm hár, ekkert hlið sést á garðlaginu.





Mynd 6. Horft er til suðurs yfir hlaðinn aftökupallinn á Þrístöpum.

### Sveinsstaðir-28

**Sérheiti:** Þrístapar

**Hlutverk:** Aftökustaður

**Tegund:** Hleðsla

### Staðhættir

Rúmlega 1,1 km vestur af Sveinsstöðum, norðan Þjóðveggar eru þrír grónir melhólar nefndir Þrístapar.

### Lýsing

Efst á miðhólnum er hlaðinn pallur um 20-70sm hár, grasi gróinn en sér í grjót í köntum og á honum er minnismerki um síðustu aftökuna sem fram fór á

Íslandi.

### Aðrar upplýsingar

Á Þrístöpum fór fram síðasta aftakan á Íslandi árið 1830 en þá voru líflátin þau Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson fyrir morðið á Natani Ketilssyni frá Illugastöðum og Pétri Jónssyni.

### Sveinsstaðir-29

**Sérheiti:** Þrístapar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur, tóft

### Staðhættir

Í dæld á milli hólanna um 8m neðan (vnt) við aftökustaðinn er niðurgroftur að því er virðist með veggheðslum.

### Lýsing

Utanmál er 5x4,5m og eru óljósar útbrúnir mest um 20sm háar.

Niðurgrofturinn er gró-



Mynd 7. Niðurgroftur norður og norðvestur undir Þrístöpum.

inn en grjót sést í botni hans en hann er um 1,1m á dýpt. Afliðandi halli er upp úr niðurgroftinum til austurs en hann er í stefnuna norður/suður. Ekki er auðvelt að geta sér til um hlutverk minjanna af útliti en ein ágiskun er sú að þarna sé niðurgroftur eftir dysjar þeirra Agnesar og Friðriks sem tekin voru af lífi á Þrístöpum árið 1830. Ekkert verður þó fullyrt um það en engu að síður voru lík þeirra grafin upp og flutt í kirkjugarðinn að Tjörn á Vatnsnesi.

### **Sveinsstaðir-30**

**Sérheiti:** Þrístapar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft?

**Staðhættir**

Um 10m suður og niður af aftökustaðnum er óljós tóft.

**Lýsing**

Óvíst er hvort um mannvirki er að ræða eða náttúrumyndun. Tóftin er gróin, 6x2,5m að utanmáli, veggir þýfðir, um 20-40sm háir en sléttur flötur á milli þeirra.

### **Sveinsstaðir-31**

**Sérheiti:** Þrístapar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**


Rúma 8m suðvestur af aftökustaðnum er grjóthleðsla um 0,5x0,5m að utanmáli. Hún er um 30sm há. Grasi gróið er umhverfis hleðsluna.



Mynd 8. Grjóthleðslan er fremst á mynd en á bakvið sér í steininn sem stendur á aftökupallinum. Horft er til ana.

## Ranhólar

Fornbýlið Ranhólar er í vesturjaðri Vatnsdalshóla, gegnt Þrístöpum en sunnan Þjóðvegar. Tóftirnar liggja í grónum dældum og hvömmum á milli melhólanna, gróinna og ógróinna. Túngarðurinn liggur næstum órofinn í kringum býlið og er töluvert af minjum innan hans, misgamlar þó. Túnið er um 190x170m að stærð. Býlið var farið í eyði á fyrri hluta 18. aldar en hefur síðað verið notað sem fjárhússtæði.



### Sveinsstaðir-32

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Túngarðurinn umlykur túnið, sem er 190x170m á stærð, nema á smá kafla nyrst þar sem hann er rofinn á tæplega 50m kafla.

**Lýsing**

Garðurinn er alls um 490m langur, algróinn og nokkuð þýfður.

### Sveinsstaðir-33

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Fjárhús, rétt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Nyrst í Ranhólatúni þar sem túngarðurinn er rofinn á kafla er tóft. Tóftin er yngri en minjar þær sem tilheyra fornþýlinu.

#### **Lýsing**

Tóftin er þrískipt. Að norðanverðu er rétt en áföst henni að sunnan er fjárhús með garða austan þess er hlaða sem legið hefur þvert á fjárhúsin. Réttin og fjárhúsin snúa dyrum/hliði mót vestri en hlaðan mót suðri. Ummál tóftar er 15x15m og hæð veggja 30-90sm. Hún er algróin og veggir að nokkru hlaupnir í þúfur. Stór steinn er í hliði réttarinnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1865 segir um Sveinsstaði: „Mjög er hér haglétt á sumrum en snapsamt á vetrum og hefur ábúandinn byggt hagahús á eyðijörðinni Ranhólum til að geta notað því betur útibeitina og er þar nú farið að ræktast tún.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

#### **Sveinsstaðir-34**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Um 7m suðvestur af fjárhústóft (nr. 33) er niðurgrafin tóft.

#### **Lýsing**

Utanmál tóftar er um 4x4m. Veggir eru óverulegir og um 20x40sm háir að utan en tóftin er niðurgrafin um 60sm. Hún er algróin og veggir hlaupnir í þúfur.

#### **Sveinsstaðir-35**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Tæpa 20m suður af fjárhústóftinni (nr. 33) er tvískipt tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur austur vestur með dyr mót austri. Utanmál er 7x9m en hæð veggja 40-80sm. Meðfram tóftinni að norðan er 40sm niðurgröftur. Tóftin er algróin og veggir þýfðir.

#### **Sveinsstaðir-36**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Beint norður af tóft (nr. 35) er hringlaga niðurgröftur um 60sm djúpur og um 50sm að þvermáli.

#### **Sveinsstaðir-37**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norðarlega í túninu er tvískipt fjárhústóft með hlöðu. Tóftin er greinilega yngri en minjar sem tilheyrt hafa fornbylinu.

**Lýsing**

Tóftin snýr nálega austur/vestur og er 10x15m að utanmáli. Garðar eru í báðum húsum og innangengt úr þeim í hlöðu eða heytóft sem liggur þvert á fjárhúsin að austan Dyr beggja húsanna snúa mót vestri.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1865 segir um Sveinsstaði: „Mjög er hér haglétt á sumrum en snapsamt á vetrum og hefur ábúandinn byggt hagahús á eyðijörðinni Ranhólum til að geta notað því betur útibreitina og er þar nú farið að ræktast tún.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

**Sveinsstaðir-38**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Rétt?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vestarlega í túninu eru lág garðlög eða tóftarveggir.

**Lýsing**

Umfang garðlaganna er 20x21m, hæð veggja 10-30sm og breidd þeirra um 90sm. Veggirnir eru reglulegir og beinir, grasi grónir og að nokkru þýfðir. Garðlögin liggja á milli hóla að hluta til í halla. Óvíst er um hlutverk en af útliti að dæma mætti áætla að rétt eða jafnvel matjurtagarð að ræða. Tóftin virðist þrískipt, ef til vill upp í þrjá dilka en hlið kunna að hafa verið við suðvesturhorn og suðausturhorn.

**Sveinsstaðir-39**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við suðausturhorn réttarinnar (**nr. 38**) er tóft.

**Lýsing**

Hún er 6x9m að utanmáli og veggjahæð er 30-50sm. Tóftin er algróin, hún snýr norður/suður með dyr mót vestri. Óvíst er með hlutverk.

**Sveinsstaðir-40**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Suðvestan við réttina (**nr. 38**) er tvískipt tóft, um 5m frá austur af túngarðinum.

**Lýsing**

Utanmál tóftar er 8x3m og snýr hún norður/suður. Hún er niðurgráfin með veggjum sem eru um 20sm háir og er tóftin mest um 80sm djúp. Ekki er að sjá dyr/hlið inn í nyrðra hólfið sem er nokkuð minna en hið syðra, dyr eru á því mót vestri. Tóftin er grasi gróin og eru veggir nokkuð þýfðir.

#### **Sveinsstaðir-41**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Utan við túngarðinn að sunnan (sv) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 6x8m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur með dyr mót suðvestri. Hæð veggja er frá 30-60sm. Veggir eru jarðsokknir og tóftin er algróin.

#### **Sveinsstaðir-42**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Syðst í túninu upp við túngarðinn er tvískipt tóft.

**Lýsing**

Tóftin er fremur óljós og óvíst er hvort um manngerða vegg er að ræða eða náttúrulegt fyrirbrigði. Hún snýr norðaustur/suðvestur og er veggjahæð 20-40sm. Tóftin er algróin og veggir hlaupnir í þúfur. Engar dyr eru greinanlegar.

#### **Sveinsstaðir-43**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norðaustan við tóftina (**nr. 42**) er garðlag eða tóft.

**Lýsing**

Garðlagið/tóftin er illgreinanlegt, liggur í vinkel, alls um 25m langt og eru veggir mót suðri og austri. Þeir eru um 20-40sm háir og 80sm breiðir, grasi grónir.

#### **Sveinsstaðir-44**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norðvestur af tóftinni/garðlaginu (**nr. 43**) er þúst.

**Lýsing**

Þústin er um 6,5m í þvermál, algróin og þýfð. Hún sker sig úr umhverfinu og virðist sem þarna hafi verið eitthver mannvirki þó engin veggjalög sjáist á þústinni.

#### **Sveinsstaðir-45**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Fjárhús/hlaða

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Sunnan við mitt túnið, norður af þústinni (**nr. 44**) eru tvennar tóftir, sú vestari fjárhús með hlöðu eða heytóft. Tóftin er yngri en aðrar minjar innan túngarðs sem líklega hafa tilheyrt fornþýlinu.

#### **Lýsing**

Tóftin er 8x12m að utanmáli og snýr norður/suður. Garði er í húsunum og hlaða eða heytóft til norðurs. Ekki sjást dyr á hlöðunni en á fjárhúsunum snúa dyr mót suðri. Hæð veggja er um 20-60sm og eru þeir algrónir.

#### **Sveinsstaðir-46**

**Sérheiti:** Ranhólar

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Sunnan við mitt túnið, norður af þúst (**nr. 44**) eru tvennar tóftir, sú vestari yngri (**nr. 45**)sú eystri eldri og virðist hún tvískipt.

#### **Lýsing**

Tóftin er um 10x6m að utanmáli, liggur austur/vestur (na/sv) og snúa dyr mót suðri. Tóftin er tvískipt, minna hólfi til vesturs og stærra til austurs og á því eru dyrnar. Smá gangur virðist vera frá dyrum og inn í tóftina. Tóftin er algróin og eru veggir um 30-40sm á hæð.



### **Sveinsstaðir-47**

**Sérheiti:** Stekkjarhólar

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Stekkjahólar eru í Vatnsdalshólaþyrpingunni rúma 700m suðvestur af Sveinsstaðabænum, norðan þeirra er stekkjartóft.

### **Lýsing**

Tóftin er þrískipt, ekki með hefðbundnu stekkjarlagi. Að norðanverðu eru rétt og kró áföst austan hennar. Sunnan þeirra og áföst réttinni virðist vera önnur stærri rétt. Stærð tóftanna allra er um 7x18m. Hlið er á krónni til norðurs og á nyrðri réttinni til austurs en ekki virðist innangengt á milli. Syðri réttin er upp við náttúrulegan bakka, 50sm háan og gegnir hann hlutverki vesturveggs. Tóftin er að mestu grasi gróin en sér í grjóthleðslur,

mest í vesturvegg og millivegg milli réttanna. Hæð veggja um 30-60sm.

### **Aðrar upplýsingar**


Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

## Litlu-Sveinsstaðir



Mynd 9. Horft er til nnv yfir fornbýlið Litlu-Sveinsstaði.

Litlu-Sveinsstaðir eru fornbýli sem liggur í grasi gróinni lægð vestur undir Hádegishól, 4-500m suður af Sveinsstöðum. Býlisins er getið sem eyðibýlis í jarðabók 1706. Það er austan þjóðvegur sem liggur inn Vatnsdalinn vestanverðan og eldri bílvegarins sem liggur skammt austan þjóðvegur. Túngarður umlykur býlið nema á kafla austanvert, gróið og að mestu komið í þúfur, nokkuð er af tóftum innan hans en einnig er þar yngri stekkjartóft.



### Sveinsstaðir-48

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Tóftin, sem líkast til er bæjartóftin, er aflöng, snýr norður/suður og eru veggir jarðsokknir. Tóftin er á smá hól sem bendir til að eldri minjar séu undir ef til vill hefur bærinn staðið þar til lengri tíma. Hún er 20m á lengd og 7m á breidd og virðist vera fjór- eða jafnvel fimmskipt. Veggjahæð er um 30sm og er tóftin gróin grasi og mosa og veggir orðnir þýfðir.

**Sveinsstaðir-49**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Norðan við bæjartóftina er minni tóft, 3x4m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, algrónir um 20sm á hæð og komnir í þúfur. Tóftin snýr norður/suður eins og bæjartóftin og eru dyr mót austri. Hún stendur á hól og gæti verið byggð á eldri minjum. Umhverfi tóftar er þýft en þar virðast vera veggjalög stærri tóftar sem nær frá bæjartóftinni og undir tóft þá sem skráð er hér.

**Sveinsstaðir-50**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Tóft (**nr. 49**) virðist vera byggð á eldri minjum. Umhverfi hennar er þó þýft og auðvelt er að rugla saman náttúrumyndunum og veggjalögum. Tóftin sem undir liggur er 5x14m að utanmáli og virðast vera tvö hólf sunnan tóftarinnar (**nr. 49**) og óljósar útlínur veggja. Veggir eru sokknir um 20sm háir, algrónir og komnir í þúfur.

**Sveinsstaðir-51**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Í smá halla suðvestur af meintri bæjartóft er þúst, þúfnakragi með sléttum flöt að innan. Óljóst er hvort um náttúrumyndun er að ræða eða mannvirki. Þústin er um 7,5x4,5m að stærð og snýr norður/suður. Hún er gróin og hæð veggja um 30-40sm.

**Sveinsstaðir-52**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Austur af tóft (**nr. 51**) er tví- eða þrískipt tóft sem liggur nálega norðaustur/suðvestur. Hún er 5x9m að stærð. Tvö greinileg hólf eru til sv en ógreinilegra hólf er til na. Hæð veggja er um 30-90sm og eru dyr á tóftinni sem snúa til vesturs.

### **Aðrar upplýsingar**

Tóftin er nokkuð grænni en umhverfið og gæti því verið yngri.

#### **Sveinsstaðir-53**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Í halla suður af tóft (**nr. 52**) er önnur tóft nokkuð minni. Hún er algróin, veggir eru þýfðir og jarðsokknir, hæð þeirra um 30sm, dyr eru mót suðri. Utanmál er 4x6m, austur langveggur heldur lengri en sá vestari.

#### **Sveinsstaðir-54**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

#### **Lýsing**

Syðst í túninu, upp við túngarðinn er þúst. Óvíst er hvort þetta er mannvirki eða náttúruleg myndun. Þústin snýr austur/vestur og er 14m löng og 4,5m breið. Hún er algróin og þýfð um 20-40sm á hæð.

#### **Sveinsstaðir-55**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Austur af tóft (**nr. 50**) er stekkjartóft (hugsanlega sú sem nefnd er í jarðabók Árna og Páls). Hóll er undir tóftinni og afar líklegt að hún sé byggð á eldri minjum. Hún lítur út fyrir að vera yngri en aðrar tóftir innan túngarðsins, grænni og veggir greinilegri. Hæð veggja er frá 10-70sm, þeir eru grjóthlaðnir en að mestu leyti grónir grasi og mosa og að hluta þýfðir. Utanmál er 17x13m og liggur tóftin austur/vestur. Dyr eru á rétt til suðurs og innangengt er í krónna.

### **Aðrar upplýsingar**

Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

#### **Sveinsstaðir-56**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Suður undir stekkjartóftinni (**nr. 55**) er veggur og liggur hann austur/vestur samsíða tóftinni. Hann er lægri, 20-30sm og að hluta kominn í þúfur. Hann virðist eldri að sjá, er gróinn grasi, mosa og lyngi ekki er ólíklegt að hann sé hluti eldri minja sem stekkjartóftin er byggð á, ef til vill eldri stekkjartóft.

**Sveinsstaðir-57**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Austasta tóftin í túninu er þrískipt. Hún snýr norður/suður og er 6x14m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, mjög hrundir og engar dyr eru sjáanlegar. Tóftin er mosa gróin, þýfð og eru veggir um 30sm á háir.

**Sveinsstaðir-58**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Lýsing**

Á milli tóftar (**nr. 57**) og bæjartóftarinnar er tóft, 5x7m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir og þýfðir, mosagrónir og um 30sm háir. Engar dyr sjást á tóftinni.

**Sveinsstaðir-59**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat**

Garðurinn er rofinn til norðurs og því líklegt að garðinum stafi frekari hætta vegna uppblásturs.

**Lýsing**

Túngarður nær nánast hringinn í kringum túnið, nema á 70m parti að austanverðu við Hádegishól. Garðurinn er alls 313m á lengd. Hann er gróinn grasi og mosa og veggir hlaupnir í þúfur. Garðurinn er hruninn og breidd víða um 2-3m, hæð er um 20-50sm. Garðurinn er verr farinn til norðurs þar sem hann er miklu leyti rofinn í burtu.

**Sveinsstaðir-60**

**Sérheiti:** Litlu-Sveinsstaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Lýsing**

Innan túngarðsins að austan er garðlag sem liggur frá túngarðinum að tóft (**nr. 52**). Það er tvískipt (sjá teikningu) alls 15m langt, veggir grónir og um 20-30sm háir. garðurinn er jarðsokkinn og breidd hans 110sm.



Mynd 10. Horft er til suðvesturs á grjóthleðslu fremst á mynd. Vinstra megin við hólinn sem er á myndinni er fornbylíð Litlu-Sveinsstaðir.

### Sveinsstaðir-61

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 20m suður af túngarðinum á Litlu-Sveinsstöðum er ferhyrnd grjóthleðsla í halla við topp lítils melhóls. Hóllinn er að hluta ógróinn og að hluta gróinn en rof er í gróðurhulunni.

**Lýsing**

Hleðslan er um 1x1m að utanmáli og um 20sm há.

Hlutverk er óvíst en hugsanlegt er að þetta séu

leifar vörðu. Umbúnaður bendir einnig til þess að um heiðna gröf gæti verið að ræða en slíkt verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

### Sveinsstaðir-62

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Á Hádegishól upp af fornbylínu Litlu-Sveinsstöðum til austurs er varða.

**Lýsing**

Hún er 50sm há og virðist ekki mjög gömul. Annaðhvort er hleðslan hrunin eða að henni hefur verið hrúgað saman í upphafi.



Mynd 11. Varða á Hádegishól, horft er til norðurs í átt til Sveinsstaða.



Mynd 12. Horft er til suðausturs, Flóðið í baksýn.

### Sveinsstaðir-63

**Hlutverk:** Varða?

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Á hólunum í kringum Litlu-Sveinsstaði eru vörður og steinlagnir.

**Lýsing**

Á toppi eins þeirra er grjóthleðsla með nokkuð stóru grjóti um 2x1,5m að stærð og 50sm á hæð. Hlutverk er óvíst en hugsanlegt er að þetta séu leifar hruninnar vörðu.

### Sveinsstaðir-64

**Hlutverk:** Varða?

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Á hólunum í kringum Litlu-Sveinsstaði eru vörður og steinlagnir. Á hól tæpa 100m suður af hleðslu (nr. 63) eru tvær vörður.

**Lýsing**

Norðari varðan er um 40-50sm há og gróin að norðan og sunnan. Hún er um 1,3x1,3m að grunnmáli. Hleðslan er hrunin hafi hún einhvern tímann verið upphlaðin.



Mynd 13. Tvær vörður á hóltoppi, horft er til suðurs inn Vatnsdal.

### Sveinsstaðir-65

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Á hólunum í kringum Litlu-Sveinsstaði eru vörður og steinlagnir. Á hól rúma 70m suður af hleðslu (nr. 63) eru tvær vörður.

**Lýsing**

Syðri varðan er aðeins um 7m frá hinni (nr. 64) og virðist ekki vera gömul. Hún er stæðileg (sjá mynd nr. 13), 60sm há og 1x1m að grunnfleti.



#### **Sveinsstaðir-66**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

#### **Staðhættir**

Suðaustur af Litlu-Sveinsstöðum á melhól norðan við þjóðveginn eru hleðslur ein þeirra er tæplega 60m suður af suðausturhorni túngarði forn-býlisins.

#### **Lýsing**

Hleðslan er aflöng og liggur austur/vestur, 1x2m að utamáli. Austan við hana er gróin

fuglaþúfa. Hlutverk er óvíst en hleðslan virðist manngerð og minnir í útliti á heiðna gröf en ekkert verður sagt um slíkt án frekari rannsóknar. Hóllinn er nánast ógróinn fyrir utan einstaka mosaþúfu.

#### **Sveinsstaðir-67**

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Tæpum 50m suðaustan við hleðslu (nr. 66) er vörðuleif

#### **Lýsing**

Varðan er óveruleg aðeins nokkrir steinar í hrúgu við fuglaþúfu. Hugsanlegt er að hún hafi verið upphlaðin en síðar hrunið. Hæð er um 30sm.



Mynd 14. Horft til austurs, vörðuleif fremst á mynd.



### Sveinsstaðir-68

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

**Staðhættir**

Rúma 5m frá vörðunni (nr. 67) er steinlögn.

**Lýsing**

Grjóti er raðað í reglulega, aflanga hrúgu utan um fuglaþúfu, rúmlega 1x2m að utanmáli og mest um 30sm á hæð.

Mynd 15. Steinlögn við fuglaþúfu, horft er til norðvesturs og sést Ólafslundur í baksýn.

### Sveinsstaðir-69

**Sérheiti:** Tíðaskarðsskurður

**Hlutverk:** Vatnsveita

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Tíðaskarð er austan við þjóðveginn sem liggur inn Vatnsdal vestanmegin, á norðurbakka Flóðsins.

**Lýsing**

Um 150m langur skurður liggur í gegnum skarðið. Skurðurinn var grafinn á fyrri hluta 19. aldar.

**Aðrar upplýsingar**

„Hér að auki er það mikla þrekvirki, sem mörgum er kunnugt orðið, að hann hefir grafið 120 faðma langan skurð úr flóðinu, sem kallað er, gegnum Vatnsdalshóla í Tíðaskarði, og sem er á sumum stöðum 6 álnir á dýpt og breidd, og mun þetta vera eitt hið mesta mannvirki sem leiguliði hefir gjört á ábúðarjörð sinni, en eigi þetta verk að geta komist í gott lag og haldast vel við mun varla að ætlast til að ábúandi geti meira gert að jarðabótum.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).



Mynd 16. Horft til norðurs eftir Tíðaskarðsskurði.

### Sveinsstaðir-70

**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft?


**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Norður undir hól sem er um 200m norðaustur af nyrðri enda Tíðaskarðsskurðar er þúst.

**Lýsing**

Engin veggjalög eru greinileg og þústin er rofin að norðan og austan að öðru leyti gróin og þýfð. Hæð er um 50-60sm.



**Sveinsstaðir-71**

**Sérheiti:** Stekkjarhólar

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norðarlega í Stekkjarhólum er stekkjartóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 9x9m að utanmáli og liggur na/sv, réttin að norðan en króin sunnan við. Hlið eru á rétt og kró til suðvesturs en ekki sést að opið hafi verið á milli

nema hugsanlega þar sem veggur er mjórri á kafla. Hæð veggja er um 30-100sm og eru útbrúnir þeirra óljósar upp í hóla til norðurs og austurs. Tóftin er grónir og veggir að hluta þýfðir en þó sér í grjót á nokkrum stöðum.

**Aðrar upplýsingar**

Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

**Sveinsstaðir-72**

**Hlutverk:** Stekkur


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 150m norðaustur af stekknunum (**nr. 71**) við Stekkjarhóla er önnur stekkjartóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur ana/vsv og er 6x14m að utanmáli. Veggjahæð er frá 30-60sm og er norðurveggur réttar illa farinn.



**Sveinsstaðir-73**

**Hlutverk:** Varða


**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Tæplega 60m nna af stekknunum (**nr. 71**) er varða.

**Lýsing**

Varðan er efst á grasi grónum smáhól. Grjót er ekki hlaðið upp heldur liggur það efst á hólnum og óvíst hvort að þar hafi nokkurn tímann verið almennileg hleðsla. Þó er greinilegt að grjót hefur hrunið af toppnum.



**Sveinsstaðir-74**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Á bakka Árfarsins sem er gamall árfarvegur við Kvíslina um 800m suðaustur af bæ. Við Árfarið að sunnan er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er 160m á lengd og liggur eftir gamla árbakkanum frá suðvestri til norðausturs. Það er grasi gróið, 30-80sm hátt og breidd veggja 1,5-3m. Garðurinn er gleggstur austanvert.

**Sveinsstaðir-75**

**Hlutverk:** Stekkur, rétt?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Sunnan sv enda garðlagsins (**nr 74**), á milli hóla er tóft, hugsanlega rétt eða stekkur.

### Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, samsíða garðlaginu. Hún virðist tvískipt og hlið virðist vera á henni mót suðvestri. Tóftin er 19x9m að utanmáli, hæð veggja 40-80sm en hún grafin í hólana að norðanverðu, og er mest um 150sm djúp til austurs. Hún er gróin en grjóthleðslur sjást í norðurvegg.

### Aðrar upplýsingar

Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

### Sveinsstaðir-76

**Hlutverk:** Óþekkt, hey- eða mótóft?


**Tegund:** Þúst

### Staðhættir

Vestan við garðlagið (nr. 74) er aflöng þúst.

### Lýsing

Hún er 3x7m að utanmáli, 30-40sm há, grasi gróin og þýfð. Óvíst er hvort þetta er manngert en það sker sig úr umhverfi sínu þar sem gróðurskil eru á þústinni og hún stendur nokkuð upp úr umhverfinu.



### Sveinsstaðir-77

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Rúmlega 300m suðaustur af Sveinsstaðabænum, um 40m sunnan þjóðveggar eru tóft og garðlag.

### Lýsing

Tóftin er ferhyrnd um 8m að þvermáli, hún er gróin og sker sig lítt úr umhverfi sem bent getur til þess að hún sé nokkuð gömul. Ekkert hlið er greinan-

legt á tóftinni, veggir eru um 10-40sm háir.

### Sveinsstaðir-78

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

### Lýsing


Umhverfis tóftina að norðan og austan er garður, rofinn á na horni. Hann er gróinn en eins og tóftin fellur hann vel að umhverfi sínu. Vegghæð er um 10-30sm, breidd garðsins er um 1,2m. Garðurinn liggur á um 45m kafla frá suðvestri til norðausturs norðan tóftar en austan hennar sést hann á um 30m kafla frá norðri til suðurs.

**Sveinsstaðir-79****Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Við norðurenda Árfarsins sem er gamall árfarvegur við Kvíslina um 800m suðaustur af bænum, er garðlag.

**Lýsing**

Að líkindum er um áveitugarð að ræða og við norðurenda hans er tóft. Garðurinn er 124m langur og liggur nálæga norður/suður meðfram Árfarinu. Hann er gróinn og er veggjahæð um 30-100sm.

**Sveinsstaðir-80****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Stekkur?**Hættumat**

Tóftinni stafar hætta af landbroti vegna nálægðar við Hnausakvísl.

**Staðhættir**

Við norðurenda Árfarsins er garðlag og norðan þess á Hnausakvíslarbakkanum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tví- eða þrískipt,

algróin og veggir nokkuð þýfðir. Hún liggur norðvestur/suðaustur og eru dyr mót suðaustri. Hæð veggja er um 20-50sm. Óvíst er um hlutverk en hugsanlegt er að þarna hafi verið stekkur.

**Aðrar upplýsingar**

Síðast var fært frá á Sveinsstöðum árið 1899 eða 1900 (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).



Mynd 17. Ystigarður, horft er til suðvesturs heim að bæ.

hér að neðan náð alveg niður að kvíslinni.

#### **Aðrar upplýsingar**

„Hér út á engjunum hefir hann líka hlaðið 120 faðma langan fyrirstöðugarð, á skakk yfir flóann og fram á kvíslabakka, og heldur hann með því vatni á engjunum fram fyrir neðan bæ.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).

#### **Sveinsstaðir-82**

**Sérheiti:** Miðengjaskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Miðengjaskurður liggur samsíða þjóðveginum að sunnan, samkvæmt heimildamanni var skurðurinn handgrafinn, hann er um 320m á lengd. Hnit voru tekin af loftmynd.

#### **Aðrar upplýsingar**

„Miðengjaskurður, er skammt sunnan við þjóðveginn, samhliða honum. Nær niður í Hnausakvísl.“ (ÖS1:1). Í úttekt frá 1881 er getið um jarðabætur, þar segir: „Áveisluskurðir í flóaengi eru 3, hver 160 faðma langur, til samtals 480 faðmar og meðfram þeim hlaðnir jafnlangir öflugir fyrirstöðugarðar.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

#### **Sveinsstaðir-83**

**Sérheiti:** Dýskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni voru skurðirnir í engjunum flestir handgrafnir. Dýskurður er í enginu norðan við þjóðveginn og er um 420m langur. Skurðurinn var hnitsettur eftir loftmynd.

#### **Sveinsstaðir-81**

**Sérheiti:** Ystigarður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Engin eru niður við Hnausakvísl sem er eystri landamerki jarðarinnar, norðarlega við landamerkin er garðlag sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

#### **Lýsing**

Garðlagið er tæplega 190m langt og hefur samkvæmt lýsingu

### Aðrar upplýsingar

„Dýskurður, gamall skurður, liggur frá vatnsmiklu dýi neðan við tún, þvert niður í Hnausakvísl.“ (ÖS1:1). Í úttekt frá 1881 er getið um jarðabætur, þar segir: „Áveisluskurðir í flóaengi eru 3, hver 160 faðma langur, til samtals 480 faðmar og meðfram þeim hlaðnir jafnlangir öflugir fyrirstöðugarðar.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

### Sveinsstaðir-84

**Sérheiti:** Syðstiskurður

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir

Syðstiskurður var handgraffinn samkvæmt heimildamanni. Hann liggur í enginu sunnan við þjóðveginn og er um 180m á lengd. Skurðurinn var hnitsettur eftir loftmynd.

### Aðrar upplýsingar

„Syðstiskurður, liggur samhliða Pétursskurði, nokkru sunnar.“ (ÖS1:2). Í úttekt frá 1881 er getið um jarðabætur, þar segir: „Áveisluskurðir í flóaengi eru 3, hver 160 faðma langur, til samtals 480 faðmar og meðfram þeim hlaðnir jafnlangir öflugir fyrirstöðugarðar.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

### Leiðir í Sveinsstaðalandi

Mikið af gömlum reiðgötum eru í Sveinsstaðalandi, ómögulegt er að skrá allar slíkar götur á vettvangi en hér verður tekið saman hvaða götur eru nefndar í örnefnaskrá til þess að reyna að gefa einhverja mynd af því hvernig þessar götur lágu. Aðeins einar götur eru nefndar með nafni og eru þær kallaðar Háugötur, voru þær leið á milli Hólabaks og Sveinsstaða. Göturnar eru vel greinilegar á



Mynd 18. Götur liggja eftir endilöngum Torfdal margar saman. Horft er til norðausturs.

köflum og voru þær skráðar austan Hádegishóls (sjá hér að neðan). Um þær segir Magnús Ólafsson: „Um Kýrlág lágu reiðgötur, sem enn sést fyrir. Þær götur ná frá Sveinsstöðum, suðvestur um Vatnsdalshólana og að Hólabaki.“ (ÖS2, 3). Götur liggja í gegnum Tíðaskarð og segir Magnús Ólafsson í svörum sínum um örnefni í Sveinsstaðalandi um þessa leið: „Leiða má rök að því að íbúar framan Vatnsdalshóla hafi farið um Tíðarskarð á vetrum þá

þeir fóru út ísa á leið sinni til kirkju á Þingeyrum. Lengst af munu þó fáir bæir framan Hólanna hafa átt kirkjusókn þangað. Staðreynd er hins vegar að Vatnsdælingar sóttu löngum aðföng sín á sleðum. Þá var ekið norður Vatnsdalsá, yfir Flóðið, um Tíðaskarð og síðan áfram norður kvíslar og Eylendið eftir því sem færð var best.“ (ÖS2, 2). Þrír ásar liggja norður svonefndan Haga nyrst og vestast í landi Sveinsstaða, þeir heita Rústarás, Þórkötlúas og Stekkjarás. „Um alla þessa ása liggja götur. Ekki er ólíklegt að fyrrum hafi verið nokkuð fjölfarin leið um Stekkjarás þar sem víða var votlent austan hans allt að Vatnsdalsá. Hugsanlega hafa menn úr Vatnsdal farið um Torfdal, Stekkjarhóla og Stekkjarás á leið sinni að Þingeyrum og þaðan áfram út yfir Húnavatn.“ (ÖS2, 3). Líkleg útskýring á örnefninu Hóll í götu er sú að göturnar hafi legið nálægt hólum en hann er skammt norður af Stekkjarhól. Götur liggja einnig í gegnum Torfdal.



Mynd 19. Háugötur liggja heim að Sveinsstöðum til norðurs.

### **Sveinsstaðir-85**

**Sérheiti:** Háugötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

#### **Staðhættir**

Háugötur nefndist reiðleið milli Hólabaks og Sveinsstaða um Neðri-Kýrlág (ÖS1:2,3).

#### **Lýsing**

Göturnar sjást enn neðan (austan) við Hádegishól. Þar eru þær margar og samliggjandi á köflum.

### **Sveinsstaðir-86**

**Sérheiti:** Skriðuvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns sem sagði að vaðið væri enn reiðfært.

### **Sveinsstaðir-87**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Við austurenda Miðengjaskurðar er garðlag í boga.

#### **Lýsing**

Garðlagið liggur í boga frá skurðinum að Hnausakvísl um 49m langt og breidd þess um 70sm. Hæð veggja er um 30sm.

**Sveinsstaðir-88**

**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður?

**Tegund:** Hryggur

**Staðhættir**

Vestur af Mylluhól sem er stór hól í túni suðvestur af bænum er hryggur í túni.

**Lýsing**

Hann er allt um 20m langur, 20-30sm hár og mest um 3m á breidd. Hryggurinn liggur ekki í framhaldi af túngarðinum en ekki er ólíklegt að þarna sé hluti eldri túngarðs.

**Horfnar minjar og óskráðar****Sveinsstaðir-89**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Heimild er um að ábúandi hafi grafið brunn við fjósið. Ekki vissi heimildamaður hvar þessi brunnur hefði verið og engin merki fundust við skráningu 2009.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1834 er sagt að ábúandi hafi grafið 2 brunna annan við fjósið, hinn við bæinn (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).

**Sveinsstaðir-90**

**Hlutverk:** Kamar

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í úttekt frá 1865 segir af jarðabótum Ólafs Jónssonar: „Hann hefir byggt hlandfor og kamar og aukið stórum út túnið.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1).

**Lýsing**

Í frásögn Ásgeirs L. Jónssonar í Heima er bezt segir að kamarinn hafi verið við norðvesturhorn bæjarins og síðan segir í frásögninni: „Við dyr hans var nokkur halli, og forarbleyta í votviðratíð.“ (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 330).

**Sveinsstaðir-91**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í úttektum Þingeyraklausturs frá 1777 og 1837 er getið um hesthús fyrir 1 hest (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).

**Sveinsstaðir-92**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í úttektum Þingeyraklausturs frá 1777 og 1837 segir „Fjárhús niður á velli fyrir 20 roskins fjár“ og síðar „fjárhús yfir 24 sauðkindur rosknar.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1777, nr. 44 og 1837, nr. 131).

#### **Lýsing**

Miðað við orðafærið niður á velli er líklegast að hús þetta hafi verið austur eða norðaustur af bænum. Ekki vissi heimildamaður um önnur hús á þeim stað annað en torffjosið sem notað var fram til 1939 þegar nýtt fjós var byggt heima við bæ.

#### **Sveinsstaðir-93**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Heimild er um sáðgarð fyrir norðan við fjósið. „Með lágum veggjum en þó nokkurn veginn stæðilegur.“

(ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131).

#### **Sveinsstaðir-94**

**Hlutverk:** Heygarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Heimild er um heygarð „Mestur hluti af heygarðsveggjunum eru moldrunnir og fallferðugir.“

(ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttekt Sveinsstaða 1837, nr. 131). Fannst ekki við skráningu 2009.

#### **Sveinsstaðir-95**

**Hlutverk:** Hlaða

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í frásögn Ásgeirs L. Jónsonar í Heima er bezt segir: „Þá er og ástæða til að geta um tvær heyhlöður, sem voru til á Sveinsstöðum, en slíkar byggingar voru óvíða til á Norðurlandi. Eldri hlaðan var við hesthús, gerð úr torfi og tók 20-25 hesta af útheyi. Þessi hlaða var það gömul að óvíst er, hvor þeirra feðga, Ólafur eða Jón byggði hana.“ (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 329).

#### **Sveinsstaðir-96**

**Hlutverk:** Hlaða

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í frásögn Ásgeirs L. Jónsonar í Heima er bezt segir: „En rétt fyrir aldamótin [1900] byggði Jón nýstárlega fjóshlöðu, sem mun hafa tekið um 5 kýrfóður. Rúmir 3/5 hlutar hennar voru í jörð. Kjallari sá var grjóthlaðinn að innan. Fyrir ofan jörð var hlaðan úr timbri (plægðum borðum) með hallandi skúrpaki úr rauðmáluðu bárujárni.“ Húsin voru fest niður með akkeriskeðju en allt kom fyrir ekki og fauk hlaðan í óveðri (Ásgeir L. Jónsson í Heima er bezt, 329).

**Sveinsstaðir-97****Sérheiti:** Hagatóftir**Hlutverk:** Heytóft**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnalýsingu er getið um Hagatóftir, þrennar heygarðstóftir norðanvert á Leytisási. Þar segir að miðtóftirnar séu hornmerki Haga, Steinnes og Sveinsstaða (ÖS1, 4). Um 2,2m norðvestur af bænum er hóll á hornmerkjum Haga, Steinness og Sveinsstaða hann er skráður í skýrslunni nr. 25.

**Lýsing**

Hinar tvær heytóftirnar fundust ekki við skráningu.

**Sveinsstaðir-98****Sérheiti:** Hagatóftir**Hlutverk:** Heytóft**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnalýsingu er getið um Hagatóftir, þrennar heygarðstóftir norðanvert á Leytisási. Þar segir að miðtóftirnar séu hornmerki Haga, Steinnes og Sveinsstaða (ÖS1, 4). Um 2,2m norðvestur af bænum er hóll á hornmerkjum Haga, Steinness og Sveinsstaða hann er skráður í skýrslunni nr. 25. **Lýsing**

Hinar tvær heytóftirnar fundust ekki við skráningu.

**Sveinsstaðir-99****Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Eftirfarandi lýsing er úr úttekt Þingeyrarklausturs frá árinu 1865: „Eftir talsverðum hluta af endilöngum flóa, þeim er hér liggur fyrir neðan, hefir hann grafið skurð víst á fimmta hundrað faðma á lengd, bæði djúpan og breiðan, þó nú sé hann farinn að síga saman og þurfi endurbótar við. Með skurði þessum hefir verið þurrkaður allur sá hluti flóans sem hann er kominn fyrir ofan, svo þar má nú þurrka hey sem áður var ekki fært að fara með hesta fyrir for og bleytu.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1).

**Lýsing**

Ekki vissi heimildamaður um hvaða skurð er að ræða og því er staðsetning óviss.

**Sveinsstaðir-100****Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í úttekt frá 1881 er getið um 2 áveitugarða norðarlega í engjunum en þeir fundust ekki við skráningu 2009.

**Aðrar upplýsingar**

„Svo eru ennþá 2 fyrirstöðugarðar norðar á enginu, annar á líkri lengd og hinir fyrirtöldu en hinn nokkru styttri. Verk þetta hefur kostað ábúandann 700 krónur.“ segir í úttekt Þingeyraklaustursjarða frá 1881 (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

#### **Sveinsstaðir-101**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í úttekt frá 1881 er getið um 2 áveitugarða norðarlega í engjunum en þeir fundust ekki við skráningu 2009.

##### **Aðrar upplýsingar**

„Svo eru ennþá 2 fyrirstöðugarðar norðar á enginu, annar á líkri lengd og hinir fyrirtöldu en hinn nokkru styttri. Verk þetta hefur kostað ábúandann 700 krónur.“ segir í úttekt Þingeyraklaustursjarða frá 1881 (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.)

#### **Sveinsstaðir-102**

**Sérheiti:** Dyslaut

**Hlutverk:** Örnefni

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Dyslaut er slétt laut á milli svonefndra Stekkjarhóla (ÖS1:2).

##### **Lýsing**

Ekki fundust nein merki um dys við skráningu 2009.

#### **Sveinsstaðir-103**

**Sérheiti:** Leytisás

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í landamerkjaskrá frá 1886 er sagt frá landamerkjavörðu vestur af Ranhólum (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 50).

##### **Lýsing**

Landamerkjavarða fannst ekki við skráningu 2009.

#### **Sveinsstaðir-104**

**Sérheiti:** Smásæti

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í landamerkjaskrá frá 1886 er sagt frá landamerkjavörðu vestur af Ranhólum (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 50).

##### **Lýsing**

Landamerkjavarða fannst ekki við skráningu 2009 .

**Sveinsstaðir-105**

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá frá 1886 er sagt frá landamerkjavörðu vestur af Ranhólum (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 50).

**Lýsing**

Landamerkjavarða fannst ekki við skráningu 2009.

**Sveinsstaðir-106**

**Sérheiti:** Afætur

**Hlutverk:** Torftökustaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni var torf rist í svonefndum Afætum, flóa sem var austur af Torfdal/Tordal. Jafnframt taldi hann að ekki hefði verið rist torf í Torfdal/Tordal (ÖS2, 3).

**Sveinsstaðir-107**

**Sérheiti:** Tordalur/Torfdalur

**Hlutverk:** Örnefni

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Við suðurmörk Sveinsstaða, vestan við þjóðveginn sem liggur inn Vatnsdal að vestan er dalur sem liggur í stefnuna austur/vestur í örnefnaskrá kallaður Tordalur. Í svari Magnúsar Ólafssonar (1994) til Örnefnastofnunar sagðist hann hafa talið dalinn heita Torfdal en ekki vissi hann til þess að þar hafi verið rist torf. En góð torfrista var austan við dalinn í svonefndum Afætum (ÖS2, 3).

**Lýsing**

Tor/Torfdalur var genginn en enginn merki sáust um torfristu.

**Sveinsstaðir-108**

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Selstöðu á jörðin austanundir **Víðidalsfjalli** (JÁM VIII:254).

**Lýsing**

Sel frá Sveinsstöðum var ekki skráð 2009. Fleiri sel eru undir Víðidalsfjalli og verða þau öll skráð samtímis.

## Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. Ellefu jarðir voru valdar til skráningar árið 2009, það voru auk Sveinsstaða, jarðirnar Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóridalur, Auðkúla, Reykir, Stóra-Giljá, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

### Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 108 minjar í landi Sveinsstaða þar af voru 20 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 88 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 64 sýnilegar á yfirborði en 24 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara.

|              | Fjöldi fornleifa | Staðsettar<br>horfnar minjar | Óstaðsettar<br>minjar | Hlutfall<br>horfinna/óstaðsettra |
|--------------|------------------|------------------------------|-----------------------|----------------------------------|
| Sveinsstaðir | 108              | 24                           | 20                    | 41%                              |

### Minjar í landi Sveinsstaða

Minjar í landi Sveinsstaða eru mest búsetuminjar frá ýmsum tímum a.m.k. svo snemma sem frá 17. öld og fram til 19. og 20. aldar. Næst bænum er lítið eftir af heillegum minjum en þó sér móta fyrir dældum eða smá hleðslum þar sem útihús stóðu, s.s. fjárhúsum (nr. 5) norðvestan við Mylluhól, fjósi (nr. 6) norðaustur af bænum, fjárhúsum (nr. 8) suður af bæ og matjurtagarði (nr. 9) í suðvesturhorni túnsins.

Suður af Sveinsstöðum eru leifar fornbylisins Litlu-Sveinsstaða. Bylisins er getið sem eyðibýlis í jarðabók 1706. Þýfður og fornlegur túngarður umlykur býlið allsstaðar nema á kafla að norðaustan (nr. 59). Tóftirnar innan hans eru flestar mjög fornar að sjá (nr. 48-54 og 56-60) að undanskilinni einni tóft sem virðist vera seinni tíma stekkur (nr. 55).

Vestan við Vatnsdalshólana eru leifar bylisins Ranhólakots sem fór í eyði á fyrri hluta 18. aldar en þar voru síðar fjárhús frá Sveinsstöðum. Þarna er fjöldi minja sem nútíma vélvæðing hefur ekki sett mark sitt á þótt upprunalegi bæjarmynd kunni eitthvað að hafa verið raskað með byggingu fjárhúsa innan gamla túnsins á 19. og 20. öld. Engu að síður verður þetta að teljast heilleg minjaheild.

Minjarnar voru eins og verða vill í misgóðu ástandi, á Sveinsstöðum var ein varða flokkuð sem heilleg (nr. 65) og matjurtagarðurinn sunnan við húsið (nr. 2) er raunar enn í notkun. Annars töldust sjö minjar „vel greinanlegar“, 43 „greinanlegar“ og 23 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

## Minjar í hættu

Af þeim 108 minjum sem skráðar voru á Sveinsstöðum eru aðeins fjórar sem geta talist í fyrirsjáanlegri hættu. Það sem eftir er af túngarðinum heima á Sveinsstöðum (nr. 4) er í hættu vegna rasks. Girt er eftir garðinum og hann rofinn á köflum vegna ágangs búfjár. Garðinum er hætt við frekara rofi og skemmdum af ágangi búfjár og viðhaldi á girðingunni. Óljósar rústir á Vígmannsholti (nr. 21) eru í hættu vegna rofs. Þá er túngarðurinn (nr. 59) umhverfis Litlu-Sveinsstaði hætt við frekari uppblæstri en norðurhluti hans hefur þegar orðið fyrir skemmdum af þeim sökum. Loks er meint stekkjartóft (nr. 80) við Hnausakvísl í nokkurri hættu vegna nálægðar við kvíslina.

| Nr | Fvr.nr. | Sérheiti           | Tegund       | Hlutverk  | Hættumat | Hætta vegna |
|----|---------|--------------------|--------------|-----------|----------|-------------|
| 4  | 11212   |                    | Garðlag      | Túngarður | hætta    | Rasks       |
| 21 | 11229   | Vígmannsholt       | Niðurgröftur | Óþekkt    | Hætta    | Áfoks       |
| 59 | 11267   | Litlu-Sveinsstaðir | Garðlag      | Túngarður | Hætta    | Uppblásturs |
| 80 | 11288   |                    | Tóft         | Stekkur?  | hætta    | Landbrots   |

Rétt er að geta þess að minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær getið orðið fyrir skemmdum.

## Áhugaverðar minjar til kynningar eða rannsókna

Minjarnar við Þrístapa eru afar áhugaverðar til kynningar þótt þær séu ekki áberandi eða stórar. Bæði sér móta fyrir því sem virðist vera aftökupallur (nr. 28) og svo er mjög líklegt að niðurgröfturinn (nr. 29) norðan við séu leifar grafarinnar sem Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru lögð í eftir síðustu aftökuna á Íslandi árið 1830. Rúmum 100 árum síðar voru þau svo grafin upp og veitt leg í vígðum garði og gröfin að því er virðist skilin eftir opin. Staðurinn hefur verið gerður aðengilegur ferðamönnum, með bílastæði við þjóðveginn, upplýsingaskilti og merktri gönguleið.

Handan vegarins er annar áhugaverður staður, Ranhólakot (nr. 32-46) sem einnig mætti gera aðgengilegan fyrir áhugasama, þar er eins og fyrr segir heilleg minjaheild, býlis frá 18. öld. Sömuleiðis mætti vekja athygli á bæjarstæði Litlu-Sveinsstaða (nr. 48-60) þótt minjar þar séu ekki eins greinilegar.

Af áhugaverðum stöðum til frekari rannsókna auk þeirra sem hér hafa verið nefndir eru óljósar fornar tóftir á Vígmannsholti (nr. 18-21).

## Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með

minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

Ásgeir L. Jónsson (ártal óþ.). Söguþættir og endurminningar um Sveinsstaði í gegnum fjóra ættliði. 3 hlutar. Í Heima er bezt.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn IX 1262-1536.* Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1909-1913. **DI IX**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn V 1330-1476.* Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902. **DI V**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn VII 1170-1505.* Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1903-1907. **DI VII**

*Húnaþing II*, 1978. Ritnefnd: Sigurður J. Lindal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, Búnaðarsamband Austur- Húnavatnssýsla. Akureyri, Búnaðarsamband Austur- Húnavatnssýsla o.fl.

J. Johnsen, 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1833-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, 1926. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn.

*Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I. Húnavatnssýsla.* Safn til landfræðisögu Íslands, 1950. Akureyri.

## Heimasíður

Wikipedia, frjálsa alfræðiritið.

[http://is.wikipedia.org/wiki/Teitur\\_%C3%9Eorleifsson](http://is.wikipedia.org/wiki/Teitur_%C3%9Eorleifsson). Skoðað þann 10. desember 2009.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðað þann 10. desember 2009.

Vísindavefurinn. <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=4649>. Skoðað þann 10. desember 2009.

## Óprentaðar heimildir

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 50, Sveinsstaðir.

Magnús Ólafsson (1994). Sveinsstaðaætt. Niðjamót Ólafs Jónssonar og Oddnýjar Ólafsdóttur Sveinsstöðum. **ÖS2**

Magnús Ólafsson (1994). Svör og athugasemdir við örnefnaskrá . Örnefnastofnun Íslands.

Ólafur Magnússon (1974). Örnefni í landi Sveinsstaða í Austur-Húnavatnssýslu. Örnefnastofnun Íslands. **ÖS1**

Túnakort Sveinsstaða. Hannes Jónsson, 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

**Fylgiskjöl**

Sveinsstaðir-hnitaskrá

| Nr | Fvnr  | Sérheiti           | Tegund         | Annað        | Hlutverk       | Annað     | Aldur frá | Aldur til | Ástand         | Horfin vegna       | Hættumat    | Orsök | Veggh_frá | Veggh_til | Breidd | Gróður              | Austun    | Norðun    |
|----|-------|--------------------|----------------|--------------|----------------|-----------|-----------|-----------|----------------|--------------------|-------------|-------|-----------|-----------|--------|---------------------|-----------|-----------|
| 1  | 11209 |                    | Heimild        |              | Híbýli         |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Byggingaframkvæmda | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436429,87 | 557148,59 |
| 2  | 11210 |                    | Matjurtagarður |              | Matjurtagarður |           | 1800      | 1900      | Í notkun       |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436428,75 | 557133,75 |
| 3  | 11211 |                    | Heimild        |              | Tröð           |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Sléttunar          |             |       | 0,0       | 0,0       | 0,00   |                     | 436406,54 | 557199,44 |
| 4  | 11212 |                    | Garðlag        |              | Túngarður      |           | 1700      | 1900      | Greinanleg     |                    | Hætta       | Rask  | 0,5       | 1,0       | 1,50   | Gras                | 436365,84 | 556988,88 |
| 5  | 11213 |                    | Dæld           |              | Fjánhús        |           | 1800      | 1950      | Sést ekki      | Sléttunar          | Engin hætta |       | 0,1       | 0,1       |        |                     | 436327,44 | 557102,02 |
| 6  | 11214 |                    | Hleðsla        |              | Fjós           |           | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,2       | 0,80   | Gras                | 436472,28 | 557194,79 |
| 7  | 11215 | Lambhús            | Heimild        |              | Fjánhús        |           | 1850      | 1950      | Sést ekki      | Sléttunar          | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        | Gras                | 436461,50 | 557009,13 |
| 8  | 11216 |                    | Tóft           |              | Fjánhús        |           | 1800      | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,1       | 0,1       |        | Gras                | 436487,98 | 557019,42 |
| 9  | 11217 |                    | Dæld           |              | Matjurtagarður |           | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,2       |        | Gras                | 436370,60 | 556997,67 |
| 10 | 11218 |                    | Heimild        |              | Fjánhús        |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Sléttunar          |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436374,15 | 557009,72 |
| 11 | 11219 | Mylluhóll          | Heimild        |              | Mylla          |           | 0         | 1800      | Sést ekki      | Ekki vitað         |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436320,24 | 557099,68 |
| 12 | 11220 |                    | Heimild        |              | Brunnur        |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Byggingaframkvæmda |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436436,88 | 557133,30 |
| 13 | 11221 |                    | Heimild        |              | Útihús         |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Ekki vitað         |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436409,63 | 557182,37 |
| 14 | 11222 |                    | Heimild        |              | Rétt?          |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Ekki vitað         |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436414,04 | 557177,32 |
| 15 | 11223 |                    | Heimild        |              | Rétt           |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Sléttunar          |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436373,70 | 557267,28 |
| 16 | 11224 |                    | Heimild        |              | Beðasléttur    |           | 1800      | 1900      | Sést ekki      | Sléttunar          |             |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436497,67 | 557248,82 |
| 17 | 11225 |                    | Hleðsla        |              | Leið           |           | 1800      | 0         | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       | 0,00   |                     | 436833,83 | 557143,49 |
| 18 | 11226 | Vígmannsholt       | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 800       | 1700      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,1       | 0,2       |        |                     | 436470,46 | 557950,42 |
| 19 | 11227 | Vígmannsholt       | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 800       | 1600      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 1,0       |        | Gras/mosi/ljónslöpp | 436456,27 | 557950,45 |
| 20 | 11228 | Vígmannsholt       | Tóft           |              | Óþekkt         | Heytóft?  | 800       | 1800      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,1       | 0,3       |        | Gras/mosi/ljónslöpp | 436439,27 | 557946,75 |
| 21 | 11229 | Vígmannsholt       | Niðurgröftur   |              | Óþekkt         |           | 800       | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Hætta       | Áfoks | 0,0       | 0,2       |        | Gras                | 436422,40 | 557942,68 |
| 22 | 11230 |                    | Dæld           |              | Mógrafir       |           | 1800      | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 436061,87 | 557106,12 |
| 23 | 11231 | Stekkjarhóll       | Hleðsla        |              | Rétt           |           | 1900      | 0         | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,8       |        | Gras                | 435798,65 | 557415,53 |
| 24 | 11232 | Stekkjarhóll       | Hleðsla        |              | Stekkur?       |           | 1800      | 1900      | Illgreinanleg  | Byggingaframkvæmda |             |       | 0,0       | 0,0       | 0,00   |                     | 435804,92 | 557417,91 |
| 25 | 11233 | Hagatóftir         | Hóll           |              | Óþekkt         |           | 0         | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        | Gras                | 434288,93 | 557755,80 |
| 26 | 11234 | Rústarás           | Tóft           |              | Smalakofi      |           | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,7       |        | Gras/mosi/ljónslöpp | 434532,72 | 556835,96 |
| 27 | 11235 |                    | Garðlag        |              | Óþekkt         | Nátthagi? | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 1,0       | 1,00   | Gras                | 435169,64 | 556982,80 |
| 28 | 11236 | Þrístapar          | Hleðsla        |              | Aftökustaður   |           | 1800      |           | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,7       |        | Gras                | 435298,64 | 556846,44 |
| 29 | 11237 | Þrístapar          | Niðurgröftur   | Hleðsla      | Óþekkt         |           | 1700      | 1800      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 1,1       |        | Gras                | 435282,93 | 556850,86 |
| 30 | 11238 | Þrístapar          | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1700      | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,4       | 1,00   | Gras                | 435306,13 | 556830,77 |
| 31 | 11239 | Þrístapar          | Hleðsla        |              | Óþekkt         |           | 1700      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,3       |        |                     | 435289,00 | 556838,94 |
| 32 | 11240 | Ranhólar           | Garðlag        |              | Túngarður      |           | 1500      | 1800      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       | 0,00   |                     | 435465,07 | 556431,44 |
| 33 | 11241 | Ranhólar           | Tóft           |              | Fjánhús        | Heytóft   | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,9       |        |                     | 435382,24 | 556485,07 |
| 34 | 11242 | Ranhólar           | Tóft           | Niðurgröftur | Óþekkt         |           | 1700      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,6       |        | Gras                | 435370,49 | 556469,65 |
| 35 | 11243 | Ranhólar           | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,4       | 0,8       |        | Gras                | 435388,46 | 556453,61 |
| 36 | 11244 | Ranhólar           | Niðurgröftur   |              | Óþekkt         |           | 0         | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,6       |        |                     | 435385,16 | 556459,98 |
| 37 | 11245 | Ranhólar           | Tóft           |              | Fjánhús        |           | 1800      | 1900      | Vel greinanleg |                    | Engin hætta |       | 0,5       | 5,6       |        | Gras                | 435356,49 | 556439,14 |
| 38 | 11246 | Ranhólar           | Garðlag        |              | Óþekkt         |           | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,1       | 0,3       | 0,90   | Gras                | 435334,56 | 556403,05 |
| 39 | 11247 | Ranhólar           | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,5       |        | Gras                | 435342,41 | 556392,99 |
| 40 | 11248 | Ranhólar           | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,8       |        | Gras                | 435315,80 | 556383,56 |
| 41 | 11249 | Ranhólar           | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,6       |        | Gras                | 435373,08 | 556319,46 |
| 42 | 11250 | Ranhólar           | Tóft           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,4       |        | Gras                | 435418,58 | 556331,08 |
| 43 | 11251 | Ranhólar           | Garðlag        | Tóft?        | Óþekkt         |           | 1500      | 1800      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,4       | 0,00   | Gras                | 435430,18 | 556344,49 |
| 44 | 11252 | Ranhólar           | Þúst           |              | Óþekkt         |           | 1500      | 1900      | Illgreinanleg  |                    | Engin hætta |       | 0,4       | 0,6       |        |                     | 435404,10 | 556357,43 |
| 45 | 11253 | Ranhólar           | Tóft           |              | fjánhús        |           | 1800      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,2       | 0,6       |        | Gras                | 435388,85 | 556381,47 |
| 46 | 11254 | Ranhólar           |                |              | Óþekkt         |           | 0         | 0         |                |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,0       |        |                     | 435408,98 | 556382,42 |
| 47 | 11255 | Stekkjarhólar      | Tóft           |              | Stekkur        | Rétt      | 1700      | 1900      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,3       | 0,6       |        | Gras                | 436093,73 | 556487,66 |
| 48 | 11256 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft           |              | Híbýli         |           | 1000      | 1700      | Greinanleg     |                    | Engin hætta |       | 0,0       | 0,3       |        | Gras                | 436556,77 | 556655,42 |

|    |       |                    |              |         |                |               |      |      |                |            |             |            |      |      |      |                     |           |           |
|----|-------|--------------------|--------------|---------|----------------|---------------|------|------|----------------|------------|-------------|------------|------|------|------|---------------------|-----------|-----------|
| 49 | 11257 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 1000 | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,2  |      | Gras                | 436558,13 | 556674,82 |
| 50 | 11258 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 800  | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,2  | 0,00 |                     | 436561,51 | 556665,45 |
| 51 | 11259 | Litlu-Sveinsstaðir | Þúst         |         | Óþekkt         |               | 1200 | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,4  |      |                     | 436553,95 | 556638,94 |
| 52 | 11260 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 1700 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,9  |      |                     | 436569,05 | 556635,25 |
| 53 | 11261 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 1000 | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  |      | Gras/mosi/lyng      | 436569,09 | 556619,82 |
| 54 | 11262 | Litlu-Sveinsstaðir | Þúst         |         | Óþekkt         |               | 800  | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,2  | 0,4  | 1,20 | Gras/mosi/ljónslöpp | 436550,38 | 556611,11 |
| 55 | 11263 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Stekkur        |               | 1600 | 1800 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,1  | 0,1  |      | Gras                | 436574,03 | 556667,35 |
| 56 | 11264 | Litlu-Sveinsstaðir | Veggur       |         | Óþekkt         |               | 1000 | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,2  | 0,3  |      | Gras/mosi/ljónslöpp | 436575,60 | 556661,80 |
| 57 | 11265 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 1000 | 1700 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  |      | Gras/mosi/ljónslöpp | 436586,15 | 556648,49 |
| 58 | 11266 | Litlu-Sveinsstaðir | Tóft         |         | Óþekkt         |               | 1000 | 1700 | Ill_reinanle_  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  |      | Gras/mosi/ljónslöpp | 436572,97 | 556650,62 |
| 59 | 11267 | Litlu-Sveinsstaðir | Garðlag      |         | Túngarður      |               | 1400 | 1700 | Greinanleg     |            | Hætta       | Uppblástur | 20,0 | 50,0 | 3,00 | Gras, mosi          | 436540,35 | 556603,45 |
| 60 | 11268 | Litlu-Sveinsstaðir | Garðlag      |         | Óþekkt         |               | 800  | 1700 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,2  | 0,3  | 1,10 | Gras/mosi/ljónslöpp | 436579,24 | 556635,58 |
| 61 | 11269 |                    | Hleðsla      |         | Óþekkt         | Hrunin varða? | 800  | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,2  |      |                     | 436567,66 | 556745,36 |
| 62 | 11270 |                    | Hleðsla      |         | Kennimark      | Varða         | 1800 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,5  |      |                     | 436642,30 | 556677,31 |
| 63 | 11271 |                    | Hleðsla      |         | Óþekkt         | Varða?        | 800  | 1900 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,5  |      |                     | 436690,67 | 556663,64 |
| 64 | 11272 |                    | Varða        |         | Óþekkt         |               | 800  | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,4  | 0,5  |      | Gras                | 436735,37 | 556581,09 |
| 65 | 11273 |                    | Varða        |         | Óþekkt         |               | 1900 | 2000 | Heillegar      |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  |      |                     | 436735,63 | 556573,79 |
| 66 | 11274 |                    | Steinalögn   |         | Óþekkt         |               | 800  | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  |      |                     | 436597,65 | 556548,90 |
| 67 | 11275 |                    | Hleðsla      |         | Kennimark      | Varða         | 1800 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  |      |                     | 436643,73 | 556533,19 |
| 68 | 11276 |                    | Steinalögn   | Hleðsla | Óþekkt         | Varða?        | 800  | 1900 | Ill_reinanle_  |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  |      |                     | 436648,75 | 556527,17 |
| 69 | 11277 | Tiðaskarðsskurður  | Niðurgröftur |         | Áveita         |               | 1800 | 0    | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 437209,35 | 556000,59 |
| 70 | 11278 |                    | Þúst         |         | Óþekkt         | Heytóft?      | 1700 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,5  | 0,6  |      | Gras/mosi/ljónslöpp | 437293,95 | 556244,82 |
| 71 | 11279 |                    | Tóft         |         | Stekkur        |               | 1700 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,3  | 1,0  |      | Gras/mosi/ljónslöpp | 437482,04 | 556398,87 |
| 72 | 11280 |                    | Tóft         |         | Óþekkt         | Stekkur       | 1700 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,6  |      | Gras                | 437595,33 | 556520,27 |
| 73 | 11281 |                    | Hleðsla      |         | Varða          |               | 800  | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,4  |      | Gras                | 437496,97 | 556459,69 |
| 74 | 11282 |                    | Garðlag      |         | Óþekkt         |               | 1800 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,8  | 2,00 | Gras                | 437484,15 | 556603,43 |
| 75 | 11283 |                    | Tóft         |         | Óþekkt         | Rétt/stekkur  | 1600 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,4  | 0,8  | 0,00 | Gras                | 437455,19 | 556576,68 |
| 76 | 11284 |                    | Þúst         |         | Óþekkt         | Hey- ótóft    | 1700 | 1900 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,3  | 0,4  |      | Gras                | 437391,11 | 556564,58 |
| 77 | 11285 |                    | Tóft         |         | Óþekkt         | Rétt?         | 0    | 1800 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,1  | 0,4  |      |                     | 436669,74 | 556892,31 |
| 78 | 11286 |                    | Garðlag      |         | Óþekkt         |               | 800  | 1600 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,1  | 0,2  | 1,20 |                     | 436660,63 | 556917,23 |
| 79 | 11287 |                    | Garðlag      |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,3  | 1,00 | Gras                | 437160,48 | 556850,79 |
| 80 | 11288 |                    | Tóft         |         | Stekkur?       |               | 1800 | 1900 | Greinanleg     |            | Hætta       | landbrots  | 0,2  | 0,5  |      | Gras                | 1,00      | 1,00      |
| 81 | 11289 | Ystigarður         | Garðlag      |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 436670,62 | 557626,02 |
| 82 | 11290 | Miðengjaskurður    | Niðurgröftur |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 436764,90 | 557079,20 |
| 83 | 11291 | Dýskurður          | Niðurgröftur |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 436715,86 | 557293,38 |
| 84 | 11292 | Syðstiskurður      | Niðurgröftur |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 437190,44 | 556596,95 |
| 85 | 11293 | Háugötur           | Gata         |         | Leið           |               | 0    | 1900 | Greinanleg     |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,00 |                     | 435765,89 | 556277,65 |
| 86 | 11294 | Skriðuvað          | Vað          |         | Leið           |               | 0    | 0    | Ómetið         |            |             |            | 0,0  | 0,0  |      |                     | 438013,55 | 556305,97 |
| 87 | 11295 |                    | Garðlag      |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Vel greinanleg |            | Engin hætta |            | 0,0  | 0,0  | 0,70 | Gras                | 436943,85 | 557070,03 |
| 88 | 11555 |                    | Hryggur      |         | Óþekkt         | Túngarður     | 1700 | 1900 | Illgreinanleg  |            | Engin hætta |            | 0,1  | 0,1  | 0,00 | Gras                | 436313,57 | 557073,71 |
| 89 |       |                    | Heimild      |         | Brunnur        |               | 1800 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 90 |       |                    | Heimild      |         | Kamar          |               | 1800 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 91 |       |                    | Heimild      |         | Hesthús        |               | 1700 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 92 |       |                    | Heimild      |         | Fjárhús        |               | 1700 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 93 |       |                    | Heimild      |         | Matjurtagarður |               | 1700 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 94 |       |                    | Heimild      |         | Heygarður      |               | 1700 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 95 |       |                    | Heimild      |         | Hlaða          |               | 1800 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 96 |       |                    | Heimild      |         | Hlaða          |               | 1800 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 97 |       | Hagatóftir         | Heimild      |         | Heytóft        |               |      | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 98 |       |                    | Heimild      |         |                |               |      | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |
| 99 |       |                    | Heimild      |         | Áveita         |               | 1800 | 1900 | Sést ekki      | Ekki vitað |             |            |      |      |      |                     |           |           |




# Sveinsstaðir-yfirlitsmynd



# Sveinsstaðir - Túnakort Hannes Jónsson (1919)

N



88 *Mylluhóll*

*Lambhóll*

*Miðdegishóll*

0 25 50 100 150 200 250 m

Loftmynd: Landmælingar Íslands

## Skýringar á hnitatöflu

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Rétt er að taka fram að tölurnar sem hér eru gefnar upp um aldur minja eru að jafnaði mat skráningaraðila byggt á ástandi og útliti minjanna. Sumstaðar eru þó heimildir fyrir byggingarári og hvenær hætt var að nota bygginguna, í báðum tilfellum verður þó að hafa þann fyrirvara að minjarnar geti átt sér lengri sögu eða jafnvel verið byggðar á enn eldri minjum.

Í hnitatöflunni eru dálkar fyrir ástand, hættumat, hættuorsök og ástæður þess að minjar hafa horfið ef það er vitað. Þetta mat á minjunum byggir á eftirfarandi stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008:

### Ástand:

1. **Ekki sést til fornleifa.** Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfispáttum.
2. **Illgreinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útlattar.
3. **Greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.
4. **Vel greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróð yfir grjóti í veggjum og gólfi.
5. **Heillegar fornleifar.** Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila vegg og hrúnið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

### Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins:

- 1) **undir hrauni:** Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) **vegna bygginga:** Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvöllir, golfvöllir og íþróttvöllir.
- 3) **vegna vegagerðar:** Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) **sléttað yfir:** Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) **vegna ræktunar:** Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) **vegna niðurrifs:** Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) **vegna efnistöku:** Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.
- 8) **vegna fyllingar:** Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) **vegna rasks:** Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) **vegna landbrots:** Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.

- 11) **vegna skriðufalla:** Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) **vegna uppblásturs:** Rústin hefur blásið upp.
- 13) **vegna vatnsrofs:** Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) **vegna áföks**
- 15) **ekki vitað**

#### **Hættumat - Við hættumatið er gengið útfrá eftirfarandi flokkun:**

1. **Engin hætta:** Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náninni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.
2. **Hætta:** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.
3. **Mikil hætta:** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

#### **Hættuorsök - Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta.**

- 1) **vegna jarðræktar:** Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) **vegna trjáræktar:** Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
- 3) **vegna bygginga:** Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtæðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) **vegna efnistöku:** Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) **vegna vegagerðar:** Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) **vegna framkvæmda:** Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) **vegna rasks:** Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) **vegna landbrots:** Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) **vegna rofs:** Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) **vegna skriðufalla:** Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) **vegna jarðsetningar:** Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.

Staðlana má nálgast í heild sinni á heimasíðu Fornleifaverndar Ríkisins á slóðinni:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>